




Rögnvaldur Ólafsson
f. 5. júlí 1944 - d. 24. janúar 2026



Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða
viðstöddum uppá kaffi og samveru í Vinaminni að athöfn lokinni.
Bálför fer fram síðar.

Prestur: sr. Jón Ármann Gíslason
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Kór: Kammerkór Akraneskirku
Einsöngur: Bergdís Fanney Einarsdóttir
og Ármann Rögnvaldsson
Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta
Sálmaskrá: Leturstofan

Útför frá Akraneskirku 5.febrúar 2026

Forspil

Þannig týnist tíminn
Bjartmar Guðlaugsson

Bæn

Undir bláhimni

Sam C. Hart / Magnús Kr. Gíslason

Undir bláhimni blíðsumars nætur
barst' í arma mér rósfagra mey.
Þar sem döggin í grasinu grætur,
gárast tjörnin í suðrænum þey.

Ég var snortinn af yndisleik þínum,
ástarþráin er vonunum felld.
Þú ert ljósblik á lífshimni mínum,
þú er ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég vil dansa við þig, meðan dunar
þetta draumblíða lag, sem eg ann.
Meðan fjörið í æðunum funar
af fögnuði hjartans, er brann.

Og svo dönsum við dátt, það er gaman,
meðan dagur í austrinu rís.
og svo leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.

Ritningarlestur

Liljan

Norskt lag / Þorsteinn Gíslason

Ég leit eina lilju í holti,
Hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.
En blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um litinn né ljómann.
En liljan í holtinu er mín.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindunum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deydandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Ritningarlestur

Það þarf fólk eins og þig

Buck Owens / Rúnar Júlíusson

Það þarf þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig
frá Bláa lóns böðum
að nyrstu sjávarströnd

Frá vel þekktum stöðum
út í ókönnuð lönd
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig

Ef dimmir í lífi mínu um hríð
eru bros þín og hlýja svo blíð
Og hvert sem þú ferð
og hvar sem ég verð
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig

Það þarf þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig
frá hlíðum Akureyrar
inn í grænan Herjólfsdal

Frá Hallormstaðar skógi
inn í fagran Skorradal
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig

Ef dimmir í lífi mínu um hríð
eru bros þín og hlýja svo blíð
Og hvert sem þú ferð
og hvar sem ég verð
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig

Guðspjall

Fagur ert þú fjörður minn

Jórunn Bjarnadóttir / Eyjólfur Ólafsson

Fagur ert þú fjörður minn
með fjallahringinn bláa.
Fastan traustan faðminn þinn
fyrir stóra og smáa.

Sumardag, er sólin skín,
sé ég græna rinda .
Frið eru líka fjöllin þín
fönnum krýnd um tinda.

Ég hef fundið frið og skjól
fjöllum þínum undir,
í vetrarhríð og sumarsól
sætast lifað stundir.

Fjörður kær með fjöll og sæ,
friðgræn tún og haga,
verndi Drottinn byggð og bæ,
og börn þín alla daga.

Minningarorð

Nú kemur vorið

Sigurður Óskar Pálsson / Birni Dam

Nú kemur vorið sunnan að og sólin bræðir ís.
Við senda strönd í fjarðarbotni lítil alda rís.
Og hvíslar: Það er langt síðan ég lagði af stað til þín,
nú loks ég finn að komin er ég, komin heim til mín.

Úr draumi frá í vetur enn ég þekki þessa strönd.
Nei þannig fengu ei heillað suðræn ævintýralönd.
Ó strönd míns land, mig dreymdi að ég deyja ætti hér.
Minn draumur rætist því nú hníg ég ein að brjósti þér.

Bæn og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur

P.C. Krossing / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Moldun

Ég fel í forsjá þína

P.C. Krossing / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Blessun

Eftirspil

Blíðasti blær
Óðinn G. Þórarinnsson / Magnús Stefánsson / Þórólfur Friðgeirsson